Janúar 2025

# Hvatarblaðið

Fundargerðir

Sveitarstjórn
582. fundur



# Breyting á losunartíðni sorphirðu frá heimilum

Nú um áramótin verða gerðar breytingar á losunartíðni í sorphirðu frá heimilum. Breytingin felst í því að nú verða allar tunnur við heimili, þ.e. almennt sorp, lífúrgangur, pappi og plast, sótt á fjögurra vikna fresti, í stað þriggja og sex eins og hefur verið. Ástæðan fyrir breytingunni er meðal annars til að koma til móts við óskir íbúa, en margar ábendingar hafa borist síðustu ár um að of langt sé á milli losana á plast- og pappatunnunum. Þá er einnig talið að breytingin komi til með að ýta undir enn betri flokkun, þar sem aukið pláss í tunnunum undir endurvinnsluefnin og minna pláss í tunnum undir almennt sorp ætti að virkja hvetjandi til þess að setja úrganginn á réttan stað. Mælingar sýna að enn er stór hluti þess sem endar í almennu tunnunni úrgangur sem ætti með réttu heima í öðrum tunnum, og því ljóst að enn er svigrúm til bætinga í flokkuninni.

Mikilvægi þess að flokka vel er sífellt að aukast, bæði út frá umhverfislegum og fjárhagslegum sjónarmiðum. Í kjölfar lagabreytinga um sérstaka söfnun úrgangs sem tóku gildi í fyrra, þá er Úrvinnslusjóður farinn að greiða sveitarfélögum vegna sérstakrar söfnunar á plasti, pappa, málmum og gleri. Þær greiðslur vega upp á móti kostnaði við söfnun og afsetningu á efnunum, sem þýðir að ef vel gengur þá er hægt að hægja verulega á kostnaðaraukningu við sorphirðu, en sú aukning hefur verið umtalsverð síðustu ár.

Sorphirðugjöld eru þjónustugjöld sem lögum samkvæmt eiga að standa straum af kostnaði við sorphirðu og endurspegla raunverulegan kostnað, sem þýðir að notendur þjónustunnar geta haft umtalsverð áhrif á það í hvaða átt kostnaður við málaflokkinn þróast.

Að lokum er rétt að minna á að pappapokar undir lífúrgang fást ennþá án endurgjalds á skrifstofu sveitarfélagsins, í íþróttamiðstöðinni á Borg, á gámasvæðinu Seyðishólum og í versluninni Völu á Sólheimum.

Stuðlum að hringrænu hagkerfi og komum öllum úrgangi í réttan farveg!



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

# GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS
# VERSLUNIN VALA

KAFFIHÚSIÐ GRÆNA KANNAN OG VERSLUNIN VALA
ERU OPIN VIRKA DAGA FRÁ KLUKKAN 11:00 TIL 16:00
LAUGARDAGA FRÁ KLUKKAN 11:00 TIL 16:00
SUNNUDAGA LOKAÐ

**MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00**







# Bókasafn / Library
## Grímsnes- og Grafningshrepps

## Opnunartímar í janúar / Opening hours in january:

| | |
|---|---|
| Mánudaga / Mondays | Kl. 15:00 - 16:30 |
| Miðvikudaga / Wednesdays | Kl. 15:30 - 16:30 |

## Kvöldopnun / Evening hours:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fimmtud. / Thursday | 9. jan. | kl. 19:30 - 21:30 | Kvöldopnun |
| Þriðjud. / Tuesday | 14. jan. | kl. 19:30 - 21:30 | Handverkskvöld |
| Þriðjud. / Tuesday | 26. jan. | kl. 19:30 - 21:30 | Opið hús 60+ |

Vegna framkvæmda þarf að ganga undir tengibrú á milli stjórnsýsluhúss og skólabyggingar og beygja til hægri til þess að komast á bókasafnið.

Öll velkomin :)






# JÞ Verk
# Jarðvinnuverktaki

JTVERKEHF@GMAIL.COM
Jóhannes 848-1123 & Guðmundur 868-4115

Tökum að okkur STÓR og smá verk:

- jarðvinnu -
- tætingu -
- snjómokstur -
- bílaflutninga,
- jarðheflun
- fólksflutninga.



JÞ Verk

# KÆRU ELDRI BORGARAR

Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin á upplýsingarfund um komandi dagskrá og viðburði fyrir eldri borgara í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fundurinn fer fram þriðjudaginn
**28. janúar kl. 20:00** í félagsheimilinu.

Á meðal fundarefnis er möguleg hugmynd um stofnun Félags eldri borgara í Grímsnes- og Grafningshreppi.

## DAGSKRÁ FUNDAR:

- **Upplýsingar um komandi viðburði og dagskrá**
- **Kynning á starfsemi Félags eldri borgara á Selfossi - Magnús J. Magnússon**
- **Umræða um stofnun félags eldri borgara í sveitarfélaginu og kosning nefndarmanna.**
- **Önnur mál.**

Kaffi og veitingar í boði.

Við hvetjum alla eldri borgara í sveitarfélaginu til að mæta og taka þátt í að móta spennandi framtíð fyrir eldri borgara í okkar samfélagi.

VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR!

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Grímsnes- og Grafningshreppur
vellíðan fyrir alla


Tvö skólastig
undir einu þaki

# Grímsnes- og Grafningshreppur

## Sumaropnun

**Sumaropnunartími gámastöðvarinnar**
**Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst**

| Mánudaga | Þriðjudaga | Miðvikudaga | Fimmtudaga | Föstudaga | Laugardaga | Sunnudaga |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lokað | 13-16 | Lokað | 13-16 | 13-16 | 10-16 | Lokað |

## Vetraropnun

**Vetraropnunartími gámastöðvarinnar**
**Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl**

| Mánudaga | Þriðjudaga | Miðvikudaga | Fimmtudaga | Föstudaga | Laugardaga | Sunnudaga |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lokað | 13-15 | Lokað | 13-15 | Lokað | 13-16 | Lokað |

**Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.**

**Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.**

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS**
**ALLAN SÓLARHRINGINN**

# ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN

# Borg

# vetraropnun

## Frá 18. ágúst 2024

**Mánudaga - fimmtudaga kl. 14:00 - 21:30**

**Föstudaga Lokað**

**Laugardaga og sunnudaga 10:00 - 18:00**

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

| | |
|---|---|
| RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS<br>LINDA SVERRISDÓTTIR | ÁBYRGÐARMAÐUR<br>ÞÓRLEIF HOFFMANN<br>GUNNARSDÓTTIR |
| Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á netföngin: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is | https://www.gogg.is/ |